

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 18. september 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

Nr. 94

## FORSETA BRÉF

1. október 1990

### um að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1990.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1990.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 1. október 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

Nr. 95

## LÖG

28. september 1990

### um félagsráðgjöf.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 6. gr. laga nr. 48 15. maí 1990 um breytingu á lögum nr. 41/1975, um félagsráðgjöf, hefi látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga inn í lög nr. 41/1975 og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita umsækjanda sem lokið hefur prófi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands.

Veita má umsækjanda, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr., leyfi til að kalla sig félagsráðgjafa og stunda félagsráðgjöf hér á landi. Leita skal umsagnar